



Talmeinafræðingur

Staða talmeinafræðings fyrir leik- og grunnskóla í Sveitarfélaginu Ölfus er laust til umsóknar. Um er að ræða 50% stöðu við Grunnskólann í Þorlákshöfn og leikskólann Bergheima. Nemendafjöldi er um 320.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Vinna að snemmtækri íhlutun í málproska og stuðla þannig að fyrirbyggjandi aðgerðum sem komið geta í veg fyrir langvarandi námsvanda.
- Veita ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.
- Þátttaka í þverfaglegri vinnu í leik- og grunnskóla.
- Koma að móttöku barna með annað tungumál.
- Gera málproska- og framburðargreiningar og sinna þjálfun og eftirfylgd.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsleyfi sem talmeinafræðingur.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að sinna fræðslu og ráðgjöf til foreldra- og starfsmannahópa.
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri grunnskólans síma 8611732 eða í tölvupósti olina@olfus.is og Dagný Erlendsdóttir leikskólastjóri í síma 8689339 eða í tölvupósti dagny@olfus.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Ölfuss <https://www.olfus.is/> . Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.